

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1991

3. júlí 1991

615

Nr. 320

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 5. júlí 1991 til og með 31. ágúst 1991 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru um eftirfarandi punkta:

- | | |
|----------------------|----------------------|
| 1. 66°56'N - 21°45'V | 3. 66°16'N - 21°10'V |
| 2. 66°59'N - 20°51'V | 4. 66°21'N - 21°23'V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinbera mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. júlí 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

27. júní 1991

Nr. 321

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 213/1991, um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Hlutaðeigandi stofnanir skulu gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir öllum breytingum á vistun, sem haft geta áhrif á framkvæmd reglugerðarinnar tímanlega, verði því við komið, og alls ekki seinna en þegar þær eiga sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum öðlast gildi 1. júlí 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.